# AUGLÝSING

## um gildistöku nýrra alþjóðapóstsamninga.

Hinn 1. júlí 1971 ganga í gildi samningar, sem gerðir voru og undirritaðir fyrir Íslands hönd á póstþinginu í Tokyo hinn 14. nóvember 1969.

Samningarnir eru þessir:

1. Viðbótarlokabókun Stofnskrár Alþjóðapóstsambandsins.
2. Almenn reglugerð fyrir Alþjóðapóstsambandið.
3. Lokabókun almennu reglugerðarinnar fyrir Alþjóðapóstsambandið.
4. Alþjóðasamningurinn.
5. Lokabókun Alþjóðapóstsamningsins.
6. Starfsreglugerð Alþjóðapóstsamningsins.
7. Samningurinn um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
8. Starfsreglugerð samningsins um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
9. Samningurinn um póstböggla.
10. Lokabókun samningsins um póstböggla.
11. Starfsreglugerð samningsins um póstböggla.
12. Samningurinn um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
13. Starfsreglugerð samningsins um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
14. Samningurinn um póstfærslur.
15. Starfsreglugerð samningsins um póstfærslur.
16. Samningurinn um póstkröfusendingar.
17. Starfsreglugerð samningsins um póstkröfusendingar.

Fullgildingarskjal Íslands varðandi ofangreinda samninga var afhent utanríkisráðuneytinu í Bern hinn 29. marz 1971.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. marz 1971.*

**Emil Jónsson.**

*Pétur Thorsteinsson.*

Nr. 6. 5. apríl 1971.

# AUGLÝSING

## um samning um gagnkvæma viðurkenningu á eftirliti með framleiðslu lyfja.

Hinn 28. janúar 1971 var utanríkisráðuneyti Svíþjóðar afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi samning um gagnkvæma viðurkenningu á eftirliti með framleiðslu lyfja, sem undirritaður var fyrir Íslands hönd í Genf hinn 8. október 1970. Samkvæmt 9. gr. samningsins mun hann taka gildi hinn 25. maí 1971.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 5. apríl 1971.*

**Emil Jónsson.**

*Pétur Thorsteinsson.*